



# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Pórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131  
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

## Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Pórunnartúni 6, Rvk. 7. des. 2020 kl. 17:00-.

(Fundur nr. 4. frá Reykjavík)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Þuríður Yngvadóttir, Kristinn H. Þorsteinsson, Nanna Sjöfn Pétursdóttir, Valgerður Auðunsdóttir, Brynjólfur Jónsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem tók fundargerð). Gestur fundarins: Elisabeth Bernard.

### Dagskrá fundar:

#### 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Samþykkt, án athugasemda.

#### 2. Kynning Elisabethar Bernard á könnun og stöðu skógræktarféлага

Elisabeth gerði í sumar rannsókn á skógræktarfélögum, með viðtölum og viðhorfskönnun á netinu. Svarhlutfallið var hátt (92%). Rúmlega helmingur félaga er með félagafjölda undir 100. Meira en helmingur félaga eru eldri en 60 ára (skv. félagaskrá SÍ), en að mati formanna félaganna eru félagar yngri. Aðalstarfsemi skógræktarfélaganna er gróðursetning (91% félaga), í öðru lagi að gera skóginn aðgengilegan almenningi (61%), síðan grisjun og stígagerð (um 52%).

Formönnum finnst viðhorf íbúa jákvæð til skógræktarfélagsins, en bein virkni fremur lítil.

Samstarfs- og samvinnuverkefni eru aðallega í gangi hjá þeim skógræktarfélögum sem eru „virk“. Um 73% formanna telja lítið um deilur eða togstreitu, en hjá þeim sem töldu slíkt fyrir hendi var það við bændur,

landeigendur og stundum sveitarfélögin. 94% töldu samt sveitarfélögin sín jákvæð í garð skógræktar og svipað hlutfall taldi samband skógræktarfélagsins við sveitarfélag sitt gott eða mjög gott. Aðeins helmingur formannanna vissu að ný skógræktarlög hefðu gengið í gildi nýlega (árið 2019). Upplýsa þyrfti skógræktarfélögin um nýju lögin.

Formennirnir voru almennt ánægðir með samstarfið við SÍ. Mörgum fannst þörf á að SÍ aðstoðaði í meira mæli fámennu skógræktarfélögin á landsbyggðinni sem telja sig veikburða og einangruð.

Margt jákvætt mun koma fram í skýrslunni sem birtast mun síðar, í lok árs.

### **3. Staða á Norsk – Íslenskri bók um skógræktarsamstarf þjóðanna**

Óskar Guðmundsson hefur skrifað bók um skógræktarsamskipti þjóðanna. Lauk henni í árslok 2019. Síðan átti að þýða bókina á norsku. Því miður veiktist þýðandinn sem var ráðinn, en vildi ekki sleppa hendinni af verkefninu. Nú er ljós að sú manneskja getur ekki lokið vinnunni. Fenginn hefur verið nýr, þaulvanur þýðandi í það sem eftir stendur af verkinu. Vinna þeir Óskar að þessu í samvinnu við að fínþússa. Vonandi klárast það nú í febrúar á nýju ári.

Skógræktarfélag Íslands hefur kostað allt verkið til þessa, en árangur viðræðna við Skógræktarfélag Noregs er að þeir taka á sig kostnaðinn við útgáfu, prentun, hönnun og myndvinnslu. Það sér sem sagt í ljós við enda gangnamunnanna. Bókin gæti jafnvel verið komin út fyrir aðalfundinn í byrjun september.

### **4. Önnur mál m.a.**

**a) Rótarskot** - Ekki er enn ljóst hvort verði af reglugerðarbreytingu sem takmarkar sölutíma flugelda. JG og BJ funda með fulltrúum Landsbjarga fljótlega.

**b) jóla- og áramóta samkoman** - Ákveðið var að sleppa samkomunni í ár. Engar líkur eru á að slík

samkoma verði heimil, vegna fjöldatakmarkana. Þessi í stað verður reynt að hafa fulltrúafundinn á útmánuðum veglegri.

***c) Styrkumsóknir til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis, bæði rekstrarstyrkur og aðrar umsóknir***

BJ gerði grein fyrir stöðu nokkurra styrkumsókna. M.a. verður sótt um 10 m kr. rekstrarstyrk. Afgreiða á þessar umsóknir í janúar.

***d) jólatráasalan fram að þessu.***

Mikil aðsókn hefur verið hjá þeim sem hafa verið með jólatrjáasölu um s.l. helgi.

***e) Fulltrúafundur með vorinu - þegar Covidinu léttir***  
Stefnt er að fulltrúafundi – sem vonandi verður haldinn með vorinu. Lagt er til leita leiðqa til á nágretta skógræktarfélög geti efnt til einhverskonar samvinnu í nánustu framtíð.

***f) Umsóknir til Skógræktarinnar vegna „Vorviðar“.***

**<https://www.skogur.is/is/um-skograektina/frettir-og-vidburdir/frettir-og-pistlar/nyr-studningur-vid-kolefnisbindingu-felaga-og-felagasamtaka>**

Búið er að senda öllum aðildarfélögum upplýsingar um þennan möguleika á að fá styrk til plöntukaupa.